

Fundargerð félagsfundar-02 Vatns- og fráveitu- félags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Stofa 158 í VRÍI - húsi Verk- og raunvísindadeildar HÍ við Hjarðarhaga.

Tími: 8. maí 2012 kl. 12.00

Fundarstjóri: Pétur Kristjánsson, formaður VAFRÍ

Þátttakendur: Boðaðir félagsmenn.

Dagskrá:

Fundur settur:

Pétur, formaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á að Aldís Ingimarsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt.

1. Erindi: „Hugleiðing um fráveitu“, Hilmar Sigurðsson.

Hilmar Sigurðsson hélt erindi um sögu hönnunar við fráveitumál á Íslandi.

2. Venjuleg aðalfundarstörf.

a. Skýrsla formanns.

Pétur las upp skýrslu formanns sem fjallar um sögu félagsins, fjölda félaga, markmið með félaginu og hvernig unnið hefur verið að því markmiði frá stofnun þess. Pétur greindi frá að stjórn VAFRÍ gæfi ekki aftur kost á sér.

b. Endurskoðaðir reikningar félagsins.

Brynjólfur Björnsson las upp Ársreikning VAFRÍ. Rekstartekjur og gjöld félagsins fyrir árin 2009, 2010 og 2011 eru öll 0 kr. Félagið er eignalaust að peningum en á bækur sem Sveinn Þórólfsson hefur fært félaginu að gjöf.

c. Kosning stjórnar

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér í stjórn VAFRÍ:

Hrund Ó. Andradóttir, dósent við HÍ

Aldís Ingimarsdóttir, stundarkennari við HR

Íris Þórarinsdóttir, fagstjóri fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur

Dagur Jónsson, Vatnsveitustjóri, Vatnsveitu Hafnarfjarðar

Jónas Elíasson, prófessor emerítus, HÍ

Þessi 5 manna stjórn var samþykkt samhljóða af fundargestum. Pétur lagði til að ný stjórn mun halda stjórnafund fljótlega þar sem hún með skipta með sér verkum.

d. Kosning skoðunarmanns til eins árs í senn.

Lagt var til að skoðunarmaður með félaginu yrði áfram Hilmar Sigurðsson, var það samþykkt samhljóða.

e. Ákvörðun á félagsgjöldum.

Á stofnfundi félagsins var lagt til og samþykkt að félagsgjöld yrðu 2000 kr á ári, Aldrei kom til innheimtu á þessum félagsgjöldum. Pétur lagði til að félagsgjöld yrðu áfram 2000 kr og það sett í hendur nýrrar stjórnar að útfæra innheimtu á þessum gjöldum. Var sú tillaga samþykkt samhljóða af fundargestum.

e. Önnur mál.

Margir tóku til máls eftir formleg aðalfundarstörf:

Sveinn Þórólfsson benti á mikilvægi þess að gerður verði vettvangur þar sem hægt verður að leggja fram spurningar og leita sér upplýsinga um vatns og fráveitumál. Einfaldast væri að stofna facebook síðu sem kostar ekkert og þarf lítið viðhald. Enn betra væri að stofna heimasíðu, sem væri rekin með hjálp stórra fyrirtækja eins og t.d Orkuveitu Reykjavíkur. Að lokum greindi hann frá því hvernig hann í NTNU hafi nýtt nemendur háskólanna til að vinna að heimasíðum með góðum árangri.

Einn fundarmaður benti á að það er sérstök heimasíða fyrir vatnsveitur og önnur fyrir fráveitur í Svíþjóð, því ætti að vera auðvelt að finna góðar fyrirmyndir á þessu sviði.

Sigurður M. Garðarsson taldi að hægt væri að vista heimasíðu VAFRÍ á vef HÍ. Dagur Jónsson þakkaði fyrir þann heiður að fá að vera með í stjórninni. Hann telur mjög gott að nota þennan vettvang sem VAFRÍ er til að tengja saman háskólana (það er fræðin) og atvinnulífið þar sem kerfin eru rekin. Dagur ætlar að kanna hvort Samorka getur vistað og rekið heimasíðu VAFRÍ.

Jónas Elíasson benti á að mikilvægt og gott er að félagið setji sig í samband við systurfélög sín á norðurlöndunum og noti svo rafrænan miðil til að upplýsa fólkið hérna heima um það sem er að gerast erlendis.

Hrund Andradóttir benti á að mikið hefur verið að gerast tæknilega í þessum geira undanfarin ár, samanber blágrænar lausnir í fráveitumálum. Einnig tók hún undir með Sveini að möguleiki er að nýta nemendur í háskólunum fyrir félagið.

Fundi var lokið um kl. 12.45

Fundarritari: Aldís Ingimarsdóttir, aldisi@ru.is